

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir Laugarfell/Laugará, Fljótsdalshreppi.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti 12. desember 2006, deiliskipulag fyrir Laugarfell/Laugará og nánasta umhverfi. Deiliskipulagið tekur til u.þ.b. 85 ha og gerir ráð fyrir að eldri mannvirki á svæðinu verði rifin og ný byggð í stað þeirra. Efnisnám verður tímabundið í opinni efnisnámu í suðurhlíð Laugarfells allt að 35.000 m<sup>3</sup>. Að lokinni efnistöku verður efnistökusvæðið landmótað og frágengið sem áningarstaður fyrir ferðamenn. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Végarði, 16. apríl 2007.*

**Gunnþórunn Ingólfssdóttir**, oddviti Fljótsdalshrepps.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2007